

**Ed.**

**152. Frumvarp til laga**

[129. mál]

um breyting á landskiptalögum nr. 46/1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

8. gr. laganna orðist svo:

Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafist þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafist uppdráttar.

Skal þá sýslumaður kveðja löggiltan landmælingamann til að gera uppdrátt.

Landmælingamaður skal færa allar landamerkjalinur inn á uppdrátt og senda Landmælingum Íslands frumrit uppdráttar ásamt landamerkjaskrá.

Uppdráttur skal gerður samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um landmælingar og reglugerðar samkvæmt þeim lögum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði 1975 til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn skv. þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1975.

Þær breytingar í landskiptalögum, sem felast í frumvarpinu, eru gerðar til samræmis við frumvarp til laga um landmælingar, og er þetta frumvarp fylgifrumvarp þess.

Gert er ráð fyrir, að við landaskipti sé ekki öðrum falið að gera uppdrætti en þeim, sem til þess hafa fengið löggildingu, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarps til landmælingalaga.

Ennfremur er gert ráð fyrir skilum til Landmælinga Íslands á uppdráttum og landamerkjaskrá, en að um frekari meðferð gagnanna fari síðan eftir 18. gr. nefnds frumvarps.